



Fundargerð hreppsnefndar 05. júlí 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 5. júlí 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt á fundinn voru Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján Guðjónsson og Bárður Jónasson.,

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Áður en gengið var til dagskrár óskaði oddviti eftir því að taka á dagskrá erindi um stöðuleyfi vinnubúða frá Árna Helgasyni ehf., samþykkt að taka málið upp undir 16. tl. fundargerðarinnar. Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. júní sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 21. júní sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 13. júní sl.
Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 13. júní sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Sundabúð, legudeild. -Staða mála.-

Lögð fram samantekt unnin af Stefáni Þórarinssyni, yfirlækni HSA dags. 13. júní sl., þar sem annars vegar er lýst núverandi rekstri hjúkrunarheimilisins og hins vegar hugmynd að hugsanlegu nýju skipulagi rekstrar.

Jafnframt lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps til HSA og Velferðarráðuneytis frá 29. júní sl., varðandi málefni hjúkrunarheimilisins að Sundabúð.

Gerð var grein fyrir fundi sem haldinn var um málefni Sundabúðar með forsvarsmönnum HSA og Vopnafjarðarhrepps 29. júní sl. og í þeim efnum var lagt fram minnisblað frá fundinum.

Miklar umræður urðu um þessi mál, þar sem fundarmenn lýstu áhyggjum sínum af því ef skerða ætti þjónustu við aldraða sem þyrftu umönnunarið, frá því sem verið hefur í Sundabúð. Jafnframt lýstu fundarmenn yfir áhyggjum sínum af starfsmannamálum og hugsanlegum uppsögnum starfsfólks vegna hugmynda um breytingu á rekstrarfyrirkomulagi hjúkrunardeildarinnar.

Fundarmenn töldu þó nauðsynlegt að skoða möguleika á breyttu rekstrarfyrirkomulagi, sem miðaði að því að þjónusta við eldri borgara yrði ekki síðri en hún er í núverandi rekstrarfyrirkomulagi og ennfremur að hugað væri vel að starfsmannamálum og uppsagnir starfsfólks yrðu lágmarkaðar eins og frekast væri kostur.

Svofelld tillaga var síðan lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps telur mikilvægt að flýtt verði sem kostur er vinnu við tillögugerð á skipulagi á framtíðar rekstrarfyrirkomulagi hjúkrunarheimilisins Sundabúðar á Vopnafirði.

Vinna þessi, sem unnin verður af fulltrúum Velferðarráðuneytisins, HSA og Vopnafjarðarhrepps miðist við það að þjónusta við eldri borgara verði engan veginn lakari en er í núverandi rekstrarfyrirkomulagi. Meginmarkmiðið með þessari vinnu er að þjónustan verði nútímalegri og í raun fjölbreytilegri og betri en verið hefur. Í þessu tilliti er hugmyndin að hér geti verið um ákveðið reynsluverkefni að ræða, sem geti síðan nýst í endurskipulagningu þessarar þjónustu víðar á landinu. Hreppsnefnd telur mikilvægt að lagt verði af stað í þessa vinnu með jákvæðu hugarfari allra þeirra aðila, sem að málum þurfa að koma. Með þeim hætti telur hreppsnefnd að best þjónusta fái fyrir eldri borgara sveitarfélagsins til framtíðar og jafnframt best nýting á fjármunum.

Þegar tillögur um nýtt fyrirkomulag rekstrar liggja fyrir verði þær kynntar vel og teknar ákvarðanir um hver verði rekstraraðili hins nýja fyrirbæris. Í tillögunni verði einnig tekið á því hvernig farið verður með starfsmannamál, vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstrinum.”

Nokkrar umræður urðu síðan um þessi mál, sem liggja þungt á Vopnfirðingum. Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að leggjast í þessa vinnu og vanda vel til hennar og að henni verði flýtt eins og frekast er kostur.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

4. mál. Bréf Skipulagsstofnunar frá 22. júní sl., varðandi umsögn um tillögu að matsáætlun, vegna urðunarsvæðis að Búðaröxl.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 22. júní sl., þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps á tillögu að matsáætlun, vegna urðunarsvæðis að Búðaröxl, Vopnafirði, sem Vopnafjarðarhreppur lét vinna fyrir sig.

Jafnframt lögð fram tillaga að umsögn til Skipulagsstofnunar, sem hljóðar svo:

„Vopnafjarðarhreppur er leyfisveitandi fyrirhugaðra framkvæmda urðunarsvæðis á Búðaröxl.

Sveitarfélagið er einnig rekstraraðili svæðisins og hefur unnið náði með Teikn á lofti við gerð tillögu að matsáætlun.

Sveitarfélagið hefur engar athugasemdir við upplýsingar þær sem matsáætlunin inniheldur. Öflun og úrvinnsla þeirra gagna sem vísað er í í áætluninni auk áætlunar um frekari öflun gagna (bls. 9) teljast fullnægjandi að mati sveitarfélags.

Engar athugasemdir eru því gerðar við matsáætlunina af hálfu leyfisveitanda.“

Hreppsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu að umsögn samhljóða með 7 atkv. og felur sveitarstjóra að koma henni á framfæri við Skipulagsstofnun.

Vísað til kynningar í skipulags – og umhverfisnefnd.

5. mál. Innanríkisráðuneytið, bréf varðandi greiðslur fyrir forsetakosningar.

Lagt fram bréf innanríkisráðuneytisins frá 19. júní sl., þar sem tilkynnt er um greiðslur til sveitarfélaga vegna forsetakosninga.

Greint var frá því að framlag þetta dugar fyrir útlögðum kostnaði Vopnafjarðarhrepps vegna kosninganna.

Lagt fram til kynningar.

6. mál. Sundlaug í Selárdal. Tímabundið starfsleyfi.

Lagt fram tímabundið starfsleyfi, sem fengist hefur til þess að starfrækja Sundlaugina í Selárdal.

Jafnframt var greint frá því að fulltrúar verkfræðistofu Norðurlands hafa komið til Vopnafjarðar og yfirfarið aðstæður við Sundlaugina, en hugmyndin er að þeir skoði þau vandamál sem glímt er við í tengslum við rekstur sundlaugarinnar og skoði hvaða möguleikar eru til úrbóta.

Hreppsnefnd fagnar því að þessi vinna skuli vera komin af stað og felur sveitarstjóra og forstöðumanni áhaldahúss í samvinnu við umrædda verkfræðistofu að vinna áfram að framgangi mála.

7. mál. Fundargerð vegna opunar tilboða í verkið “Hafnarbyggð ytri hluti” dags. 28. júní sl.

Eyjólfur Sigurðsson vék af fundi undir umfjöllun þessa liðar.

Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í verkið” Hafnarbyggð ytri hluti, endurbygging lagna”, Vopnafirði dags. 28. júní sl. Þrjú tilboð bárust og voru þau opnuð á fundinum ásamt kostnaðaráætlun. Tilboðin eru sem hér segir:

- | | | | |
|-------------------------------|----------------|-----|-----------|
| 1) Steiney ehf., Vopnafirði | Heildarfjárhæð | kr. | 9.504.100 |
| 2) Jónsmenn ehf., Egilsstöðum | Heildarfjárhæð | kr. | 8.992.300 |
| 3) Línuborun ehf., Reykjavík | Heildarfjárhæð | kr. | 9.300.250 |
| 4) Kostnaðaráætlun, unnin af | | | |

Verkfræðistofu Austurlands ehf. Heildargjánhæð kr.
9.650.000

Lægsta tilboðið er 93,2 % af kostnaðaráætlun.

Tilboðin hafa verið yfirreiknuð af verkfræðistofu Austurlands.

Hreppsnefnd samþykkir með 6 atkvæðum að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda Jónsmenn ehf.

Eyjólfur Sigurðsson mætti síðan aftur til fundar.

8. mál. Malbikun tilboð Hlaðbær Colas dags. 27.6 og KM malbikun

Lögð fram gögn varðandi verð á malbiki sem keypt yrði til malbikunar á Vopnafirði. Tölurnar miða við annars vegar að malbikið sé keyrt frá Akureyri eða Reyðarfirði eða hins vegar að það sé framleitt á Vopnafirði.

Gerð var grein fyrir málum og hver hugsanlegur kostnaðarmunur er miðað við að malbikið sé flutt um langan veg eða framleitt á staðnum. Skilyrði fyrir framleiðslu á staðnum er þó að magnið fari ekki niður fyrir 15-20 þús. m². Samkvæmt fyrirbyggjandi tölum er malbik framleitt á staðnum 12-15 % ódýrara.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu jarðvinnuverkefnum sem vinna þyrfti áður en unnt yrði að ráðast í malbikunarframkvæmdir. Á grundvelli þeirra upplýsinga er ljóst að ekki tekst á þessu ári að hafa nægjanlegt svæði klárt til útlagnar til þess að unnt verði að fá malbikunarstöð á svæðið.

Sveitarstjóri lagði til að í ár yrði reynt að ljúka umræddum jarðvinnuverkefnum og stefnt að því að fá malbikunarstöð hingað á næsta ári og ljúka þá þeirri malbikun sem áætlað væri að vinna.

Sveitarstjóra falið að vinna að framgangi þessara mála miðað við fyrirbyggjandi tillögu um verklag í þessum efnum.

Málsmeðferð þessi var samþykkt með 6 atkv. einn sat hjá.

9. mál. Framleiðsla á undirlagi undir malbik. Hugmyndir um verð

Gerð var grein fyrir könnun á möguleikum á framleiðslu á undirlagi fyrir malbik. Gerð var grein fyrir því að fengist hefði frá Vilhjálmi Konráðssyni, verðtilboð í brot á slíku efni sem væri á verðbilinu 2.000-2.700 kr. á m³ eftir magni og námugerð.

Auk þessa þarf að semja um efnistökgjald landeiganda, þar sem viðkomandi náma er. Heppilegast er talið að vinna efnið í námu í landi Ytra-Nýps, þegar tekið er tillit til efnis og vegalengdar til þéttbýlis sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri lagði til að gengið yrði til samninga um framleiðslu á þessu efni miðað við þessar upplýsingar og að framleiddir yrðu um 3.000 m³.

Eyjólfur kvaddi sér hljóðs og taldi að hreppsnefnd ætti að móta sér stefnu í því hvernig standa skyldi að samningagerð við verktaka, þ.e. hvort bjóða eigi út eða ganga beint til samninga.

Sveitarstjóra síðan falið að ganga til samninga við viðkomandi aðila á þessum grunni framkominna gagna.

Málsmeðferð sú var samþykkt með 6 atkvæðum. Einn sat hjá.

10.mál. Afrit af bréfi til Langanesbyggðar frá Lögmonnum, Jónas og Jónas Þór sf. dags. 21. júní sl., varðandi athugasemdir við aðalskipulag Langanesbyggðar.

Lagt fram afrit af bréfi til Langanesbyggðar frá Lögmonnum, Jónas og Jónas Þór sf. dags. 21. júní sl., varðandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Sérstaklega var 8. tl. bréfsins vísað til Vopnafjarðarhrepps.

Bréfið er lagt fram til kynningar.

11. mál Fjármálaráðstefna Sveitarfélaga haldin í ráðstefnuhúsinu Hörpu Reykjavík fimmtudaginn 27. sept. og 28. sept. nk.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður í Reykjavík dagana 27. og 28. sept. nk.

Til umræðu kom hverjir myndu sækja ráðstefnunar fyrir hönd sveitarfélagsins. Gerð var tillaga um það að tveir fulltrúar meirihlutans og einn fulltrúi minnihlutans ásamt sveitarstjóra færu sem fulltrúar

sveitarfélagsins á ráðstefnuna.
Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

12. mál Bréf Skipulagsstofnunar dags. 20 júní sl., varðandi breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026 og bréf Umhverfisstofnunar frá 14. júní sl., varðandi breytingu á aðalskipulagi og bréf Umhverfisstofnunar, varðandi lýsingu á deiliskipulagi athafna- og urðunarsvæðis að Búðaröxl dags. 20. júní 2012.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 20. júní sl., varðandi breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, athafna- og urðunarsvæði við Búðaröxl. Í bréfinu eru gerðar nokkrar athugasemdir við innsend gögn Vopnafjarðarhepps frá 30. maí 2012, en niðurstaðan er sú að sveitarfélaginu er heimilað að auglýsa breytinguna skv. 31. gr. Skipulagslaga.

Jafnframt lögð fram bréf frá Umhverfisstofnun dags. 14. júní og 20. júní, sem eru umsagnir annars vegar við deiliskipulag og hins vegar við aðalskipulag til samræmis við erindi Vopnafjarðarhrepps frá 10 apríl sl. Í umsögnunum eru settar fram nokkrar ábendingar um atriði, sem gott væri að skoða vel og reyna að taka tillit til.

Þessar breytingar hafa nú verið auglýstar og er mögulegt að koma inn athugasemdum um viðkomandi skipulög til 13. ágúst nk.

Unnið verður úr þessum ábendingum á þessum tíma.

Samþykkt að senda málið til kynningar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

13. mál. Bréf formanns landbúnaðarnefndar dags. 2. júlí sl., varðandi endurnýjun á fjárrétt á Einarssöðum.

Þórunn Egilsdóttir vék af fundi undir umfjöllun þessa málsliðar og tók Bárður Jónasson við fundarstjórn á meðan.

Lagt fram bréf formanns landbúnaðarnefndar varðandi endurbætur á fjárrétt að Einarstöðum.

Gerð var grein fyrir málinu. Síðan lagt til að Fjallskilasjóður láti lagfæra réttina. Vinna þessi fari fram í samráði við landbúnaðarnefnd og leitast við að gera það með eins hagkvæmum hætti og unnt er.

Málsmeðferð þessi var samþykkt með 6 atkvæðum.

Þórunn Egilsdóttir mætti síðan aftur á fundinn.

14. mál. Bréf Tónlistarskólans á Akureyri dags. 12. júní sl., varðandi námsvistargjöld.

Lagt fram bréf Tónlistarskólans á Akureyri, varðandi námsvistargjöld nemanda í skólanum, sem er með lögheimili á Vopnafirði. Um er að ræða nemanda á miðstigi hljóðfæranáms.

Skólinn óskar eftir því að sveitarfélagið ábyrgist greiðslu námsvistargjalda, sem eru áætluð 734 þús. kr., vegna þessa náms.

Vopnafjarðarhreppur telur sér ekki fært að verða við erindinu en bendir á að mögulegt er fyrir skólann að sækja þennan kostnað til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli framlaga til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumuni nemenda.

Málsmeðferð þessi var samþykkt með 7 atkvæðum.

15. mál. Hafnarbyggð innri, endurnýjun lagna.

Gerð var grein fyrir því að fráveitulagnir í Hafnarbyggð innri hafa verið myndaðar. Niðurstaða þeirrar myndatöku er sú að nauðsynlegt er að endurnýja lagnir í götunni.

Brýnt er að lokið verði við þá framkvæmd áður en ráðist verður í malbikun götunnar eins og áætlað er að gera.

Best væri að gera þetta í haust svo unnt verði að malbika á næsta sumri eins og greint hefur verið frá.

Samþykkt var með 5 atkvæðum að fela sveitarstjóra að leita leiða til þess að fá verkið unnið með sem hagkvæmustum hætti. 2 sátu hjá.

16. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Fjárlaganefndar Alþingis dags. 18. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Bréf Vopnafjarðarhrepps til menntamálaráðuneytisins varðandi stofnun framhaldsskóladeildar. Lagt fram til kynningar. Jafnframt samþykkt að senda málið til kynningar í fræðslunefnd.

c) Stöðuleyfi vegna vinnubúða frá Árna Helgasyni ehf.

Lagt fram erindi fyrirtækisins þar sem óskað er eftir stöðuleyfi vegna vinnubúða á plani Rarikhússins við Búðaröxl. Fyrir liggur samþykki lóðareiganda og eiganda næstu lóðar. Hreppsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti með 7 atkvæðum. Erindinu vísað til skipulagsnefndar.

17. mál Sumarleyfi hreppsnefndar

Oddviti gerði grein fyrir að þetta væri síðasti fundur fyrir sumarleyfi. Næsti fundur verður ekki fyrr en í lok ágúst.

Því næst óskaði Oddviti sveitarstjórn gleðilegs sumars og ánægjulegs sumarleyfis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.20